

164. fundur Stjórnarfundur Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

Stjórnarfundur haldinn í Fjölheimum 21.10.2025 kl. 16.30.

Mættir: Valdimar Hafsteinsson ritari, sem stýrði fundi, Halldóra S. Sveinsdóttir, Ester Ýr Jónsdóttir, Magðalena Jónsdóttir (mætti 16.45) og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Námsframboð og þjónusta haustannar

Framkvæmdastjóri fór yfir námsframboð og þjónustu sem í boði verður á haustönn og birti yfirlit yfir framboð á eftirfarandi námssviðum: Námsleiðum FA, íslensku fyrir útlendinga, virkniúrræðum Fræðslunetsins, fræðslu fyrir fatlað fólk, fyrirtækjaþjónustu, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf.

2. Húsnæðismál

Búið er að semja við Rangárþing eystra um að Fræðslunetið flytji aðstöðu sína úr grunnskólanum yfir í stjórnsýsluhúsið. Flutningur kemur til framkvæmda um áramót.

Til boða stendur að færa aðstöðu Fræðslunetsins á Höfn í aðra aðstöðu. Fundarmenn töldu það ekki ráðlegt þar sem lyftu vantar í það húsnæði.

Rætt um stöðu Fræðslunetsins í húsnæðismálum á Selfossi.

3. Staða í starfsmannamálum

Nýr verkefnastjóri til að sinna fræðslu fatlaðra var ráðin frá og með 1. ágúst síðastliðnum. Er það Berglind Bergsveinsdóttir þroskaþjálfari.

4. Önnur mál

i. Fréttir úr starfseminni

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað með upplýsingum um starfsemi félagsins.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17.50

Eyjólfur Sturlaugsson ritaði fundargerð